

Embætti og sýslanir m. m.

122

18. júlí setti ráðherrann Árna lækni Helgason til þess fyrst um sinn frá 1. ágúst að telja að gegna hjeraðslæknisembættinu í Höfðahverfishjéraði.

21. júlí veitti ráðherra yfirsetukonu í Hafnarfirði Guðrúnu Gestsdóttur leyfi til þess að fást við nuddlækningar.

S. d. var ráðherra Íslands Hannesi Hafstein, kommandör af Dannebrog og Dannebrogsmanni, með allrahæstum úrskurði allramildilegast veitt lausn í náð frá ráðherraembættinu, samkvæmt umsókn hans.

S. d. var sýslumaður í Skaftafellssýslu Sigurður Eggerz með allrahæstum úrskurði allramildilegast skipaður ráðherra Íslands.

27. júlí var sýslumanni í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu Sigurði Þórðarsyni, r. af Dbr., allramildilegast veitt lausn í náð frá embætti, sakir heilsubrests, með eftirlaunum.

31. júlí setti ráðherrann cand. juris Björn Þórðarson til þess fyrst um sinn, frá 1. s. m. að telja, að gegna sýslumannsembættinu í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.

10. ágúst setti ráðherrann cand. juris Sigurjón Markússon til þess fyrst um sinn að gegna sýslumannsembættinu í Skaftafellssýslu.

26. ágúst veitti ráðherrann ungrú Steinunni Árnason leyfi til þess að fást við tannlækningar.

28. ágúst skipaði ráðherrann sóknarprest að Miklabæ síra Björn Jónsson prófast í Skagafjarðarprófastsdæmi.

11. septbr. var sýslumanni í Dalasýslu Birni Bjarnarsyni allramildilegast veitt lausn í náð frá embætti, frá 1. janúar 1915 að telja, sakir heilsubrests, með eftirlaunum.

S. d. var hjeraðslæknir í Húsavíkurhjeraði Gísli Pjetursson allramildilegast skipaður hjeraðslæknir í Eyrarbakkahjeraði frá 1. október að telja.

12. septbr. setti ráðherrann Guðmund lækni Thoroddsen til þess frá 1. október að telja að gegna hjeraðslæknisembættinu í Húsavíkurhjeraði.

Samkvæmt bráðabirgðalögum 5. október skipaði stjórnarráðið 6. s. m. þá
konsúl Asgeir Sigurðsson,

122

bankastjóra Björn Sigurðsson,
formann Búnaðarfelags Íslands Guðmund Helgason,
borgarstjóra Knud Zimsen og
umboðssala Pál Stefánsson

til þess að taka sæti í nefnd til að ákveða verðlag á vörum, og var Guðmundur Helgason skipaður formaður nefndarinnar.

19. október skipaði ráðherrann síra Björn Stefánsson sóknarprest í Bergstaðaprestakalli í Húnavatnsprófastsdæmi frá fardögum 1914 að telja.

Laus embætti,

er konungur veitir.

1. Yfirkennaraembættið við hinn almenna mentaskóla í Reykjavík. Árslau 3200 kr., en auk þess er í gildandi fjárlögum gert ráð fyrir 400 kr. viðbót við þau laun.
2. Embættið sem 5. kennari við mentaskólann. Árslau 2000 kr., en auk þess er í gildandi fjárlögum einnig gert ráð fyrir 400 kr. viðbót við þessi laun.
3. Sýslumannsembættið í Skaftafellssýslu. Árslau 3000 kr.
4. Hjeraðslæknisembættið í Húsavíkurbjóraði. Árslau 1500 kr.

Auglýst laus 15. sept. 1914.

Umsóknarfrestur til 1. desbr. 1914.

Sá, sem fær sýslumannsembættið í Skaftafellssýslu, er skyldur að setja þá tryggingu, er síðar mun verða kveðið á um, fyrir innheimtum þeim, sem honum verður trúað fyrir af hálfu hins opinbera. Svo ber honum og að fylgja þeim reglum er verða settar um reikningskil af hans hálfu og greiðslur í landssjóð.

Laust prestakall.

Mjólfjörður í Suður-Múlaprófastsdæmi, Brekkusókn.

Heimatekjur :

Eitirgjald eftir prestssetrið Kross kr. 180,00.

Prestakallið veitist frá fardögum 1915.

Umsóknarfrestur til 17. desember 1914.

Konsúlar.

122

Enska stjórnin hefir veitt Einari T. Hallgrímssyni lausn frá vicekonsúlsstarfinu á Seyðisfirði, og 11. júní var hjeraðslæknir Kristján Kristjánsson viðurkendur enskur vicekonsúll samastaðar.

4. september var umboðssali Jörgen Aal Hansen viðurkendur vicekonsúll við norska konsúlatið í Reykjavík.

5. september hefir Eric Grant Cable verið viðurkendur breskur konsúll á Íslandi.

Heiðursmerki.

21. júlí var landritari Kl. Jónsson, r. af Dbr. og Dbrm., allramildilegast sæmdur kommandörkrossi Dannebrogssorðunnar, 2. fl.

S. d. var skrifstofustjóri í stjórnarráðinu Indriði Einarsson allramildilegast sæmdur riddarakrossi Dannebrogssorðunnar.

S. d. var skrifstofustjóri í stjórnarráðinu Jón Hermannsson allramildilegast sæmdur riddarakrossi Dannebrogssorðunnar.

S. d. var skipstjóri J. F. Aasberg, r. af Dbr., allramildilegast sæmdur heiðursmerki Dannebrogsmanna.

9. október var Ara Hálfðanarsyni hreppstjóra á Fagurhólsmýri allramildilegast leyft að bera heiðurspening rauða arnar orðunnar, er Hans hátígn þýski keisarinn, konungur Prússa, hefir sæmt hann.

Heiðursgjafir.

Af vöxtum af styrktarsjóði Kristjáns konungs IX. fyrir árið 1913 hefir ráðherrann veitt þeim Einari Árnasyni bónda í Miðey í Rangárvallasýslu og Páli Sigurðssyni bónda á Þykkvabæ í Skaftafellssýslu heiðursgjafir, 140 kr. hvorum, fyrir framúrskarandi dugnað í jarða bótum, byggingu og öðru, er að búnaði lýtur.

122

Styrkveiting.

Af vóxtum af styrktarsjóði Friðriks konungs VIII. fyrir árið 1913 hefir ráðherrann veitt kvenfjelaginu Ósk á Ísafirði 225 kr., Lystigarðsfjlagi Akureyrar 125 kr. og húsfú Guðbjörgu Þorleifsdóttur í Múlakoti í Fljótshlíð 100 kr. styrk til skóggræðslu og trjáræktar.

Innflutningur á hundum frá útlöndum.

15. júlí leyfði stjórnarráðið með ráði dýralæknisins í Reykjavík Johan Andreassen að flytja inn hund frá Danmörku, með venjulegum skilyrðum.

30. júlí leyfði stjórnarráðið með ráði dýralæknisins á Akureyri framkvæmdarstjóra Karli Nikúlássyni á Akureyri að flytja inn hund frá Færeyjum, með venjulegum skilyrðum.